

**Sp.**

**844. Svar**

**[393. mál]**

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

*1–3. Hvaða verð greiddi Ísal fyrir raforku frá Landsvirkjun ársfjórðungslega á árunum 1985–1987? Hver hefur verið raforkunotkunin hjá Ísal á sama tímabili? Hverjar eru horfurnar um raforkuverð og raforkunotkun hjá Ísal á árinu 1988 að mati Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins?*

Til hagræðis er þessum þremur spurningum svarað í einu lagi með töflu sem Landsvirkjun hefur útbúið fyrir ráðuneytið. Áætlun Landsvirkjunar um raforkuverð og raforkunotkun er í samræmi við það sem ráðuneytið telur eðlilegt að miða við.

Tekið skal fram að fyrirspurn um sama efni varðandi árið 1985 og árið 1986 að hluta hafði áður verið lögð fram og henni svarað á 109. löggjafarþingi haustið 1986. Rétt þykir að birta það svar sem fylgiskjal með þessu svari.

<b>Orkuverð í US mill/kwst.</b>	<b>1985</b>	<b>1986</b>	<b>1987</b>	<b>Áætlun 1988</b>
1. ársfjórðungur .....	12 500	12 500	12 514	15 780
2. ársfjórðungur .....	12 500	12 500	13 028	16 470
3. ársfjórðungur .....	12 500	12 724	13 823	16 680
4. ársfjórðungur .....	12 500	12 690	14 921	16 580
Meðalverð mill/kwst. ....	12 500	12 603	13 572	16 380
Meðalverð aurar/kwst. ....	51 445	51 869	55 857	67 414
Orkusala í gwst. ....	1232.2	1300.7	1385.4	1385.0
Tekjur m. USD .....	15.4	16.4	18.8	22.7
Tekjur m.kr. ....	633.8	675.0	773.7	934.2

4. Hverju var spáð um raforkuverð og raforkunotkun hjá Ísal á árunum 1985, 1986 og 1987 samkvæmt þeim forsendum sem lagðar voru fyrir Alþingi og þingnefndir vegna samninga við Alusuisse í nóvember 1984 og hver er mismunurinn í heild í íslenskum krónum á þessu tímabili?

Áætluð orkusala, orkuverð og tekjur 1985–1987, samkvæmt forsendum sem lágu til grundvallar endurnýjun samningsins við Alusuisse í nóvember 1984 og mismunur við raunverulegar tekjur á sama tímabili.

<b>Forsendur samnings:</b>	<b>1985</b>	<b>1986</b>	<b>1987</b>	<b>Samtals</b>
Orkuverð í mill/kwst. ....	13.8	14.7	16.1	
Orkusala í gwst. ....	1377.0	1367.0	1373.0	
Tekjur í m. USD ....	19.0	20.1	22.1	61.2
Raunverulegar tekjur ....	15.4	16.4	18.8	50.6
Mismunur í m. USD ....	3.6	3.7	3.3	10.6
Mismunur í m.kr. ....	148.2	152.3	135.8	436.3

5. Hver er lækkunin á raungildi raforkuverðsins á árunum 1985, 1986 og 1987 og í heild á þessu tímabili vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu?

Vísitala, nóvember 1984 = 100.

Tímabil	Meðalgengi	Gengi SDR	Gengi USD	Erlend verðbólga	Orkuverð til Ísals	Raungildi orkuverðs
1984 í nóv.	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
1985	115.4	116.2	114.4	104.5	99.2	94.1
1986	132.7	132.7	113.2	107.1	100.0	79.7
1987	137.5	137.5	106.5	110.8	107.7	75.3

Sé miðað við vísitölu meðalgengis fæst að raungildi raforkuverðsins til Ísals lækkaði á árinu 1985 um 5,9% frá nóvember 1984. Á sama hátt má sjá að verðið lækkaði að raungildi um 15,3% á árinu 1986 frá fyrra ári og um 5,5% á árinu 1987 frá 1986. Samtals hefur raforkuverðið til Ísals lækkað um 24,7% frá nóvember 1984 til ársins 1987 miðað við ofangreindar forsendur.

Upphæðir í íslenskum krónum miðast við gengi dollars = 41,156 kr.

## Fylgiskjal.

### Svar iðnaðarráðherra á þskj. 299, 109. mál 109. löggjafarþings, við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

#### 1. Greiðslur Ísals fyrir raforku frá Landsvirkjun 1985.

Meðalverðið til Ísals á árinu 1985 var 12,5 US mill/kWh eða 51,80 aurar/kWh (bandaríkjadalur = 41,6 kr.). Á yfirstandandi ári var orkuverðið sem hér segir:

Á fyrsta ársfjórðungi: 12,500 mill/kWh.

Á öðrum ársfjórðungi: 12,500 mill/kWh.

Á þriðja ársfjórðungi: 12,724 mill/kWh.

Á fjórða ársfjórðungi: 12,586 mill/kWh (bráðabirgðaverð).

#### 2. Raforkunotkun Ísals 1985–86.

Orkusala til Ísals og tekjur af henni á framangreindum tímabilum er sem hér segir:

	Orkusala GWh	Tekjur Millj. dala	Millj. kr.
1985 .....	1 232,2	15,3	638,3 <sup>1)</sup>
1986 (áætl.) .....	1 310,0	16,5	675,7 <sup>2)</sup>

1) Á meðalgengi ársins 1985 (bandaríkjadalur = 41,6 kr.).

2) Á áætlðu meðalgengi ársins 1986 (bandaríkjadalur = 41,0 kr.).

#### 3. Horfur um raforkuverð og raforkunotkun Ísals 1987.

Á árinu 1987 er gert ráð fyrir því að meðalorkuverð til Ísals verði 13,5 US mill/kWh (54,7 aur/kWh miðað við bandaríkjadal = 40,5 kr.). Tekjur af áætlaðri orkusölu til Ísals 1987 (1385 GWh) eru áætlaðar 18,7 millj. bandaríkjadala (757,2 millj. kr. miðað við bandaríkjadal = 40,5 kr.).

#### 4. Spá um raforkuverð og raforkunotkun Ísals 1985-87 skv. forsendum við afgreiðslu samninga við Alusuisse á Alþingi í nóv. 1984.

Samkvæmt þeim forsendum sem eðlilegt var talið að reikna með þegar samningar voru gerðir við Alusuisse í nóvember 1984 var áætlað að orkuverðið til Ísals, orkusala og tekjur af henni, yrðu sem hér segir 1985-87:

	Orkusala GWh	Verð í US mill á kWh	Tekjur Millj. dala	Millj. kr.
1985 .....	1377	13,8	19,0	779,0
1986 .....	1367	14,7	20,1	824,1
1987 .....	1373	16,1	22,1	906,1

Hér er miðað við meðalgengi 1986 (bandaríkjadalur = 41,0 kr.).

**5. Lækkun á raungildi raforkuverðs 1985-86 vegna lækkunar bandaríkjadals og alþjóðlegrar verðbólgu.**

Varðandi lækkun á raungildi raforkuverðs á árinu 1985 og 1986 vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu leitaði ráðuneytið til Seðlabanka Íslands. Svar bankans er birt í sérstakri töflu með þessu svari.

Sé miðað við tímabilið janúar til desember 1985 hefur bandaríkjadalur lækkað sem hér segir:

Gagnvart vagnu meðalgengi .....	13,1%
Gagnvart SDR .....	10,5%
Hækkun framfærslukostnaðar í löndum OECD var á tímabilinu .....	3,8%

Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi bandaríkjadals 1985 vegna gengisbreytinga og verðbólgu:

Miðað við veginn meðalgengi .....	17,4%
Miðað við SDR .....	14,7%

Sé miðað við tímabilið desember 1985 — október 1986 hefur bandaríkjadalur lækkað sem hér segir:

Gagnvart vagnu meðalgengi .....	13,1%
Gagnvart SDR .....	10,1%
Hækkun framfærslukostnaðar í löndum OECD var á tímabilinu .....	1,3%

Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi bandaríkjadals 1986 vegna gengisbreytinga og verðbólgu:

Miðað við veginn meðalgengi .....	14,6%
Miðað við SDR .....	11,5%

Seðlabanki Íslands  
Greiðslujafnaðardeild  
7. nóvember 1986

	(MERM. - I.M.F.) Veginn meðalgengi bandaríkjadals <sup>1)</sup>		Gengi bandaríkjadals gagnvart SDR <sup>2)</sup>		Framfærslukostnaður (OECD-löndum <sup>1)</sup> )	
	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986
	Janúar .....	104.6	89.7	102.8	91.3	100.7
Febrúar .....	108.2	86.2	104.2	88.8	101.1	104.9
Mars .....	109.1	81.3	104.0	87.3	101.7	104.6
Apríl .....	104.6	81.0	101.2	87.2	102.3	104.8
Máí .....	105.0	82.3	101.3	85.8	102.8	105.1
Júní .....	103.8	83.0	100.6	86.1	103.1	105.5
Júlí .....	100.1	80.9	98.3	84.3	103.2	105.5
Ágúst .....	97.9	79.4	97.0	82.9	103.3	105.6 <sup>1)</sup>
September .....	98.9	79.1	97.5	82.8	103.7	105.8 <sup>1)</sup>
Oktober .....	93.5	79.0 <sup>2)</sup>	94.1	82.7	104.3	105.9 <sup>2)</sup>
Nóvember .....	92.0		92.8		104.6	
Desember .....	90.9		92.0		104.5	

1) Nóvember 1984 = 100.00

2) Áætlað